

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140200013/ksj

Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við golfvöllinn á Húsavík.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 3. febrúar sl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis fyrir hótél og golfskála við golfvöllinn á Húsavík.

Skipulagssvæðið


Ofangreint svæði fyrir verslun og þjónustu er afmarkað af golfvellinum á Húsavík. Skipulagssvæðið er að mestu leyti lúpínugróinn melur. Aðkoma að svæðinu verður frá Langholti sem liggur í gegnum íbúðarsvæði og að þjóðvegi nr. 85 við Haukamýri.


Markmið deiliskipulags

Fram kemur í greinargerð með deiliskipulagstillögu að helstu markmið þess sé að staðsetja hótélbyggingar og golfskála. Innan svæðisins eru áætlaðar tvær afmarkaðar lóðir, önnur er 21.000m² og er ætluð fyrir hótélbyggingar og hin er 5800 m² og er ætluð fyrir golfskálabyggingu.

Að mati Umhverfisstofnunar er áætluð nýting 0,4 á lóð hótélbygginga há og þarf að gæta að sjónrænum áhrifum frá svo þéttum framkvæmdum á umhverfið. Þó er til bóta að mestur hluti hótels er ætlaður á einni hæð og lítill hluti á tveim hæðum. Þar sem áætluð golfvallarbygging er staðsett í nágrenni ofangreinds hótels er mikilvægt að byggingarnar myndi heild ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun